



246. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund miðvikudag 20. maí 2009 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, forseti bæjarstjórnar GDP
Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB
Ólafur Guðmundsson, ÓG
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri, EF
Lárus Ástmar Hannesson, LÁH
Helga Guðmundsdóttir, varamaður HG
Davíð Sveinsson, DS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 449, dags. 13.05.2009.

Fundargerð framlögð.

Liður 5 fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 21.04.2009 (116. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Reitarvegur 6a, íbúðarhús. Byggingarleyfi.

Jon Nordstein kt. 180756 2139 sækir um f.h. Eddu Baldursdóttur kt. 160385 2869 um að byggja einbýlishús við Reitarveg 6A sbr. teikningar frá Arkitektarstofu Olöf og Jon ehf. dags. 6. mars '09. Stærðir: 587,9 m³, 193,8 m². Erindið var í grenndarkynningu til og með 16. apríl, fyrir eigendum húsa við Reitaveg nr. 2, 4, 4a og 6. Engar athugasemdir bárust.

Byggingarleyfisumsókn samþykkt að uppfylltum skilyrðum byggingareglugerðar.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2 Víkurgata 8, stækkun og endurbygging á útihúsi.

Jon Nordstein sækir um f.h. Þorgeirs Kristóferssonar kt. 101261 7199 Víkurgötu 8, að endurbyggja og stækka útihús á lóð fyrir bílskúr, bátaskýli og vinnustofu með geymslulofti, sbr. bréf og teikningar dags 6. mars '09. Stærðir:

Erindið var í grenndarkynningu sem óveruleg breyting á deiliskipulagi miðbæjar. til og með 17. apríl, fyrir eigendum/leigjendum Víkurgötu 7, Laufásvegi 4, Aðalgötu 11 og 13. Engar athugasemdir bárust.

Nefndin leggur til að óveruleg breyting á deiliskipulagi miðbæjar dags. 17.03.



2009 verði samþykkt. Byggingarleyfisumsókn samþykkt með fyrirvara á gildistöku deiliskipulags og að uppfylltum skilyrðum byggingareglugerðar.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 3 Lágholt 23. Viðbygging.

Hafdís Bjarnadóttir Lágolti 23 sækir um að stækka bílskúr á jarðhæð hússins að sunnanverðu og hafa svalir ofan á viðbyggingu samkvæmt teikningum frá EK dags. sept. 2008. Stærðir 28,3 m², 73,9 m³.

Nefndin samþykkir að grenndarkynna erindið fyrir eigenda Lágholts nr. 25.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 4 Laufásvegur 10. Gervihnattadiskur.

Símon Sturluson sækir um f.h. Saulius Jakeliunas um leyfi til að setja upp gervihnattamóttökudisk við húseignina Laufásveg nr. 10. Skriflegt samþykki eigenda efri hæðar liggur fyrir.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 5 Aðalgata 27a. Klæðning á þjónustuhúsi.

Stykkishólmsbær sækir um að klæða þjónustuhús á tjaldstæði með flísum í stað tímurs samkv. teikn. dags. 17.04. 2009.

Erindi samþykkt með fjórum atkvæðum. Guðmundur er á móti.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6 Aðalgata 27. Niðurrif á þjónustuhúsi.

Stykkishólmsbær sækir um að láta fjarlægja þjónustuhús tjaldstæðis af lóðinni Aðalgötu 27.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



Til máls tóku:LÁH,EF og GDP

Fundargerð samþykkt.

Liður 8 fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 11.05.2009 (130. fundur).

Fundargerð framlögð. **Liður 2** nefndin leggur til að skólagjöld fyrir næsta skólaár hækki um 10%.

Bæjarráð samþykkir að skólagjöld Tónlistaskóla Stykkishólms hækki um 10% fyrir næsta skólaár.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:LÁH,ELB,HG og GDP

Fundargerð samþykkt.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir.

Liður 25 bréf Sorpurðunar Vesturlands, dags. 11.05.2009 varðandi staðfestingu svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt að óska eftir kynningu á svæðisáætluninni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 27 bréf Sýslumanns Snæfellinga, dags. 05.05.2009 varðandi umsögn um leyfi (Gistiver ehf.) til að reka gististað að Laufásvegi 1.

Bæjarráð hefur ekki athugasemdir við veitingu leyfis.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 28 bréf Sýslumanns Snæfellinga, dags. 06.05.2009 varðandi umsögn um leyfi (Gagnleysa ehf.) til að reka gististað að Lágholti 11.

Bæjarráð hefur ekki athugasemdir við veitingu leyfis.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 29 tölvupóstur Jóns Gunnlaugs Viggósson, dags. 07.05.2009 varðandi handknattleiksnámskeið.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 30 aðalfundur FSSF (03.06.2009) og ársreikningur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga fyrir árið 2008. Ársreikningur framlagður. Samþykkt að bæjarstjóri fari með umboð Stykkishólmsbæjar á fundinum.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 31 bréf Unnar Breiðfjörð, ódags. varðandi beiðni um styrk til handa Mattíasi Arnari Þorgrímssyni.

Bæjarstjóra falið að ræða við bréfitara.

Samþykkt að styrkja Mattías Arnar Þorgrímsson um 20.000 kr. Í samræmi við styrki til landsliðsferða ungmenna úr Stykkishólmi.

Til máls tóku:EF,LÁH,DS,HG,ELB og GDP

Liður 32 bréf Gunnars Svanlaugssonar, skólastjóra Grunnskólans í Stykkishólmi, dags. 05.05.2009 varðandi kostnaðarþætti við breytingu á nýtingu skólahúsnæðis við Borgarbraut.

Bæjarráð óskar eftir fundi með skólastjóra.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:EF,LÁH,DS og GDP

Liður 33 tilnefning í skipulags- og byggingarnefnd í stað Emils Þór Guðbjörnssonar.

Samþykkt að Helgi Haraldsson verði aðalmaður og Rúnar Birgisson verði varamaður.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 34 tillaga Erlu Friðriksdóttur, bæjarstjóra að hækkun sumarvinnutexta unglunga (2009).

14 ára kr. 402,- á klst., 15 ára kr. 494,- og 16 ára og eldri kr. 606,- eða 6,09% hækkun. Samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:LÁH,EF og GDP

Liður 35 tillaga Erlu Friðriksdóttur, bæjarstjóra að hækkun gjaldskrá tjaldsvæðis fyrir árið 2009.

Tillaga að hækkun gjaldskrá fyrir árið 2009

Fullorðnir 16 ára og eldri 800 kr.

Börn 15 ára og yngri frítt.

Rafmagn 450 kr.



	Daggjald	Þriggja daga passi (greitt er fyrir tvo fyrstu dagana, þriðji frír)	Dvöl í sex daga (2 x þriggja daga passi)	Viku passi
Einstaklingur	800 kr.	1.600 kr.	3.200 kr.	3.600 kr.

Ekki er veittur afsláttur af rafmagni, greitt er fyrir alla dagana.

Sé keyptur vikupassi við komu fylgir eitt skipti frítt í sund á einstakling og eitt skipti frítt á eldfjallasafn á einstakling.

Samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:LÁH,EF,ELB og GDP

Liður 36 tillaga Vignis Sveinssonar að hækkun gjaldskrár sundlaugar Stykkishólms.

Börn 6-16 ára	kr. 150
Fullorðnir	kr. 380
Ellilífeyrisþegar	kr. 150
30 miða kort fullorðnir	kr. 6.000
10 miða kort fullorðnir	kr. 2.800
30 miða kort börn	kr. 2.800
10 miða kort börn	kr. 1.200
Leiga á handklæðum og sundfatnaði	kr. 280
Árskort	kr. 22.000

Samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:LÁH,EF og GDP

Liður 37 flutningur eldra þjónustuhúss af tjaldsvæði.
Samþykkt að auglýsa húsið til flutnings.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 38 drög að dagskrá vinabæjarmóts sem haldið verður í Stykkishólmi 26.-29. ágúst 2009.

Samþykkt að vinna áfram í dagskrá vinabæjarmóts.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 39 afmælisboð frá Lappeenranta (360 ára afmæli Lappeenranta) 31. júlí - 2. ágúst.

Bæjarráð þakkar fyrir boðið. Bæjarráð sér sér ekki fært að senda fulltrúa.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Samningar/tilboð.

Liður 40 samningur um breytingu á lóð Skúlagötu 21, Stykkishólmi.

Samningur samþykktur.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:EF

Liður 41 drög að samningi við Bygðasafn Snæfellinga vegna ljósmyndasafns.

Bæjarstjóra falið að ganga frá samningi.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:LÁH og EF

Annað.

Liður 42 lánessamningur á milli Lánasjóðs sveitarfélaga og Stykkishólmsbæjar.

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Bæjarráð samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 80.000.000 kr. með 6,55% vöxtum til 15 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdaáætlun Stykkishólmsbæjar 2009, sbr. 2. gr. laga um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004.



Jafnframt er Erlu Friðriksdóttur kt. 011268-5879, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Stykkishólmsbæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:LÁH,GDP og EF

Liður 44 bókun varðandi strandveiðar á kostnað byggðakvóta og innköllun og endurráðstöfun aflaheimilda.

Enn eitt áfallið yfirvofandi í Stykkishólmi?

Stykkishólmsbær mótmælir harðlega þeim hugmyndum sem fram hafa komið sbr. frétt á vef sjávarútvegsráðuneytisins nr. 15/2009 dags. 16.4.2009 varðandi upptöku strandveiða á kostnað úthlutunar byggðakvóta.

Byggðakvóta til Stykkishólmsbæjar hefur verið úthlutað á grundvelli hruns á hörpudiskstofni og aflabrests af þeim sökum og síðar banns við veiðum á hörpudisk. Það er ljóst að ef af þessum hugmyndum um strandveiði verður mun það hafa slæm áhrif á veiðar og vinnslu í Stykkishólmi og þar með alvarleg áhrif á atvinnulífið í bænum. Atvinnuleysi er nú með því lögsta í Stykkishólmi miðað við landið í heild, það er ekki síst fyrir öflugar fiskvinnslur sem verka fisk m.a. á grundvelli byggðakvóta.

Það verður ekki séð hvernig auka eigi verðmætasköpun, efla atvinnulíf og auka drifkraftinn í bæjarfélaginu með upptöku strandveiða á kostnað byggðakvóta.

Útgerðir og vinnslur ásamt samfélaginu í Stykkishólmi tóku á sig mikil áföll við hrun hörpudiskstofnsins, en hafa byggt sig upp hægt og rólega m.a. með tilkomu byggðakvóta. Ofangreindar hugmyndir um strandveiðar ásamt svokallaðri fyrningu kvóta yrðu annað stórt reiðarslag fyrir útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki í Stykkishólmsbæ og þar af leiðandi atvinnulífið og samfélagið í heild sinni.

Stykkishólmsbær er ekki andvígur hugmyndum á upptöku strandveiða sem byggjast t.d. á aukningu fiskveiðiheimilda.

Ennfremur tekur bæjarráð Stykkishólmsbæjar heilshugar undir samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 7. maí 2009 varðandi innköllun og endurráðstöfun aflaheimilda.

Elísabet Lára Björgvinsdóttir
Ólafur Guðmundsson

Bókun samþykkt með tveimur atkvæðum, Davíð sat hjá.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Til máls tóku:LÁH,GDP,HG,ELB og DS

Ályktun.

Undirrituð vilja beina því til sjávarútvegsráðherra að atvinnuöryggi og hagsmunir byggðarlaga verði hafðir að leiðarljósi við þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á fiskveiðistjórnunarkerfi landsins.

Á undanförunum árum hafa byggðalög staðið varnarlaus þegar aflaheimildir hafa verið seldar úr byggðalögðum og er það ósættanlegt.

Mikilvægt er að tryggja stöðugleika atvinnu í sjávarbyggðum til framtíðar.

Lárus Ástmar Hannesson
Davíð Sveinsson
Helga Guðmundsdóttir

Samþykkt samhljóða.

Til máls tóku:LÁH og GDP

Fundargerð samþykkt.

Til máls tóku:EF,DS og GDP

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis, dags. 05.05.2009.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.2. Fundargerð umhverfisnefndar, dags. 04.05.2009.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tóku:LÁH,GDP og ELB

2.3. Fundargerð umhverfisnefndar, dags. 27.04.2009.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Bæjarstjórn tekur undir bókun umhverfisnefndar erum stolt af því að Íslenska Gámafélagið hafi fengið Kuðunginn 2009 og þeim óskað til hamingju.

Til máls tóku:LÁH,GDP og EF

2.4. Fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 28.04.2009.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.5. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 21.04.2009.

Fundargerð samþykkt fyrir á fundinum.

2.6. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 16.04.2009.

Fundargerð framlögð og samþykkt.



- 2.7. Fundargerð fræðslunefndar, dags. 15.04.2009.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.8. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 11.05.2009.**
Fundargerð samþykkt fyrir á fundinum.
- 3. Ársreikningur Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2008, síðari umræða.**

Reynir Ragnarsson endurskoðandi Stykkishólmsbæjar gerði grein fyrir Ársreikningnum og svaraði spurningum.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 719,7 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A- bæjarsjóð og B- hluta stofnanir og fyrirtæki, en þar af námu rekstrartekjur A-hluta þ.e. bæjarsjóðs 670,5 millj. kr. Rekstrargjöld A og B hluta námu 849,3 millj. Þar af námu rekstrargjöld A-hluta bæjarsjóðs 721,8 millj. að meðtöldum hækkunum vegna lífeyrisskuldbindinga starfsfólks að upphæð 26,8 m.kr. Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs var neikvæð um 51,3 millj. samkvæmt ársreikningi en neikvæð um 129,6 millj. kr. í samanteknum ársreikningi A og B hluta. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2008 nam, eftir að lífeyrisskuldbindingar höfðu verið dregnar frá, 429,3 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé bæjarsjóðs 689,0 millj. kr. Handbært fé frá rekstri 90,0 millj.kr. A-hluta og 95,5 millj.kr. af A- og B-hluta.

Ársreikningur Stykkishólmsbæjar og undirfyrirtækja var síðan samþykktur samhljóða.

Bæjarfulltrúar árituðu síðan ársreikninginn.

Til máls tóku:DS,GDP og EF

Fundargerðin upplesin og samþykkt.
Fundu slitið kl. 19:15
Þór Örn Jónsson